



Seltjarnarnesi, 6. mars 2020

Ágætu þátttakendur í félagsstarfi eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi.

Boðuð verkföll félagsmanna Sameykis hefjast mánudaginn 9. mars ef samningar nást ekki fyrir þann tíma. Komi til verkfalla fellur félagsstarf fyrir eldri bæjarbúa niður, þar sem allt starfsfólk sem að því kemur er í Sameyki.

Seltjarnarnesbær mun ekki innheimta gjöld fyrir þá daga sem þjónustan fellur niður.

Vonandi ná samningsaðilar samkomulagi þannig að ekki komi til skerðingar á þjónustu í félagsstarfinu.

Virðingarfyllt

Baldur Pálsson,
Sviðsstjóri
Fjölskyldusviðs Seltjarnarnesbæjar